

það má ekki heimta mikil af þeim, sem er lítill. En ef eg vex einhvern tíma eins og þið og verð stærri, þá má búast við meiru.

En, börnin míin, alt, sem á að vaxa, þarf yl. Það vex ekkert í tómu frosti nema ísinn. Þið þurfið yl, ef þið eigið að vaxa. Eg líka. Ylurinn, sem ykkur er mest þörfin á, er ylur kærleikans. Eg þarf líka þann yl, ef eg á að geta þrifist. Látið mig fá hjá ykkur yl kærleikans.

---

## Titil-myndin

Myndin í sveignum er mynd af Jesú 12 ára gömlum, tekin úr myndinni frægu: „*Jesús tólf ára í musterinu*“, eftir þýska málarann Heinrich Hoffmann. Þessi mynd með nafninu „*börnin*“ á borða í boga fyrir ofan á að tala við börnin, sem fá blaðið, um það, að þau eigi að líkjast Jesú. Láta sér, eins og hann gerði, drengurinn, þykja vænt um guðs hús og guðs orð og að hlýða guði. Og þá hlýða guði líka í því að vera foreldrarnum hlýðin. Pálmavíðargreinarnar, sem mynda sveiginn, tákna, að börnin eigi að fagna Jesú, taka með gleði á móti honum og syngja honum lof. — Ritningargreinarnar, sem lettraðar eru á báðum endum borðans, segja frá því, að Jesús elskar öll börn og vill, að þau komi til sín, svo að þau geti verið hjá honum í ríki hans. Hinir fullorðnu þurfa líka að koma til hans sem börn.

---

*Börnin míin!* Horfið vel á titil-myndina og hugsið um hana og lofið henni að tala við ykkur.

---

## Gleðileg jól.

*Síðan snuru hirðarnir aftur, lofuðu guð og vegsömuðu fyrir alt það, er þeir höfðu heyrt og séð, eins og þeim hafði sagt verið.* — Lúk. 2, 20.

Börnin hlakka til jólanna. Öll börn, sem eg hefi þekt, gera það. Þið hlakkið sjálfsagt til þeirra líka, börnin, sem lesið þetta jólablað.

Þið hlakkið til þess að koma saman og skemta ykkur við jólatréð, með mörgu ljósunum og sélgaðinu, sem á það er látið.